





Reykjavík, 30. Nóvember 2023

## Lækjarás 10 USK23100261 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. nóvember 2023 var lögð fram fyrirspurn Bjarna Vals Ásgrímssonar, dags. 20. október 2023, um að stækka bílastæði á lóðinni nr. 10 við Lækjarás. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30.11.2023



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisskipulag



Afstöðumynd (samb. uppdráttur)

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Lækjarás 10 í skilgreindri íbúðarbyggð.

**Hverfisskipulag:** Í gildi er hverfisskipulag fyrir Selás sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. nóvember 2019. Lækjarás 10 er innan skilmálaeiningar 7.3.3 í hverfisskipulagi.

### Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til stækkunar bílastæðis á lóðinni Lækjarás 10.

Í skilmálum Hverfisskipulags, í skilmálatíð um bílastæði og innkeyrslur, kemur fram að á lóðinni sé heimilt að hafa tvö bílastæði. Sömuleiðis kemur fram að ekki sé heimilt að fjölga stæðum.

Á mæliblöðum geta komið fram heimildir fyrir fjölda bílastæða á hverri lóð. Lega bílastæða, eins og hún er sýnd á mæliblaði, er hinsvegar ekki bindandi og alla jafna sýnd með nákvæmari hætti á samþykktum aðaluppdráttum. Fyrir Lækjarás 10 liggur fyrir samþykkt grunnmynd og afstöðumynd sem sýnir tvö bílastæði, samtals 7,20 m breið og allt að 7 metra frá götu, fyrir framan bílskúr á lóðinni.

Þar sem stækkun bílastæðis myndi verða til þess að fjölga bílastæðum á lóðinni og í ljósi þess að núverandi staðsetning er að mestu í samræmi við samþykkt aðaluppdrætti er tekið neikvætt í fyrirspurnina.

Öll skipulagsgögn hverfisskipulags fyrir skilmálaeiningu 7.3.3 má finna á slóðinni <https://skipulag.reykjavik.is/hverfisskipulag/arbaer/>.

**Niðurstaða**

- Neikvætt er tekið í fyrirspurnina.
- Ekki er heimilt að fjölga bílastæðum á lóðinni.
- Núverandi staðsetning og fyrirkomulag bílastæða er í samræmi við samþykktu aðaluppdrætti.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Laufey B. Sigurðardóttir arkitekt